**88. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 9. október 2018 og hófst hann kl. 16:15.**

**Fundinn sátu:**
Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir formaður, Elsa Lára Arnardóttir varaformaður, Einar Brandsson aðalmaður og Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1809206 - Þroskahjálp Húsbyggingasjóður - samningur um uppbyggingu**

Velferðar- og mannréttindaráð fór yfir, á 87. fundi sínum þann 3. október 2018, fyrstu drög að samkomulagi við Landssamtökin Þroskahjálp vegna úthlutunar á lóð að Beykiskógum 7, Akranesi. Samkomulagið felur í sér að Húsbyggingasjóður Landssamtakanna Þroskahjálpar (Húsbyggingasjóður) mun sækja um og Akraneskaupstaður úthluta sjóðnum lóð að Beykiskógum 7 í því skyni að reisa þar leiguíbúðir ætlaðar fötluðu fólki, ásamt viðbótarrými vegna fötlunar íbúa. Landsamtökin Þroskahjálp hafa farið yfir ábendingar frá velferðar- og mannréttindaráði.

*Þar sem fundur var boðaður með styttri fyrirvara en getið er um í bæjarmálasamþykkt bar formaður það upp hvort fundarmenn gerðu athugasemd um lögmæti fundarins. Enginn athugasemd var gerð og telst því fundurinn löglega boðaður.*

*Velferðar- og mannréttindaráð fór yfir ábendingar Þroskahjálpar um orðalag í drögum að samningi. Velferðar- og mannréttindaráð fór yfir samninginn og vísar honum til afgreiðslu í bæjarráði.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:50.**

Gerður Jóh. Jóhannsdóttir
Einar Brandsson
Elsa Lára Arnardóttir
Svala Hreinsdóttir